

Mánudaginn 5. apríl 1954.

Nr. 184/1953. **Ákærvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson hdl.)  
 gegn  
**Robert Raymond Willits** (Sigurður Ólason),  
**Arnari Semingi Andersen** (Einar Ásmundsson)  
 og  
**Einari Gunnarssyni** (Ragnar Jónsson).  
 Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsárás. Manndráp af gáleysi o. fl.

### Dómur Hæstaréttar.

Alfreð Gíslason, bæjarfógeti í Keflavík, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, er mál þetta varða, þar á meðal framhaldspróf, er fram hafa farið í sakadómj Keflavíkur, svo og álitserð Læknaráðs.

Eftir því, sem fram er komið í máli þessu, fór Ólafur Ottesen, 61 árs að aldri, frá húsinu nr. 50 við Hafnargötu í Keflavík um kl. 3 að nóttu hinn 12. marz 1953 og var þá mjög drukkinn. Hann kom þá þegar á eftir að húsinu nr. 9 A við Kirkjuveg í Keflavík og barði að dyrum. Í húsinu voru þá staddir og á fótum allir hinir ákærðu, Willits, 31 árs að aldri, Arnar, 17 ára, og Einar, 20 ára. Voru þeir Willits og Arnar undir áhrifum áfengis. Hinir ákærðu gengu til dyra og vildu aftra Ólafi frá að komast inn í húsið. Kveður Willits sig þá hafa reiðzt ummælum, sem Arnar hafði eftir Ólafi og þýddi fyrir Willits. Gekk Willits að Ólafi og barði hann með krepptum hnefa hægri handar á hökuna. Ólafur féll við höggið, en reis eða var reistur á fætur aftur. Greiddi Willits honum þá rétt á eftir annað höfuðhögg með hnefa hægri handar, en við það féll Ólafur meðvitundarlaus til jarðar. Þeir Willits og Arnar, sem horft hafði á aðfarir þessar, báru Ólaf síðan eða drógu að fiskþvottakeri, sem var þar skammt frá. Settu þeir Ólaf í kerið og skildu hann þar eftir meðvitundarlausan og illa til reika. Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var veðri þannig háttað á Keflavíkurflugvelli kl. 3 um nóttina: vindur VSV 9, rigning, hiti 3.4° C. Þeir Willits og Arnar fóru því

næst inn í húsið, en skömmu síðar fóru allir hinir ákærðu og fluttu Ólaf að bifreið, sem stóð utan við lóðargirðingu hússins nr. 10 við Kirkjuveg. Ólafur var þá enn meðvitundarlaus, en við tilraun hinna ákærðu til að setja hann inn í bílinn er hann talinn hafa raknað eitthvað við og streitzt á móti. Sló Arnar hann þá, þannig á sig kominn, með krepptum hnefa á vinstra kjálkabarð, og hreyfði Ólafur sig ekki eftir það. Er ákærðu höfðu komið Ólafi inn í bílinn, breiddu þeir teppi ofan á hann, lokuðu bílnum og skildu hann þar eftir blóðugan, meðvitundarlausan og bjargarlausan. Var hann þarna í bílnum, unz íbúar hússins nr. 10 við Kirkjuveg urðu hans varir af tilviljun um hádegi daginn eftir.

Er Ólafur fannst í bílnum, hafði hann samkvæmt vottorði héraðslæknis glóðarauga á hægri auga, stóra kúlu (ekki opna) ásamt bólgu á háhnakka og skurð undir vinstra kjálkabarði. Hægri ökli hans var stokkbólginn og eymsli upp undir hægri hné. Enn fremur var hann marinn á báðum upphandleggjum, á baki hægri megin og kvið.

Ólafur var fluttur í sjúkrahús Hvítabandsins í Reykjavík hinn 12. marz 1953, en þaðan var hann fluttur í Landspítalann 15. s. m., og þar andaðist hann 24. s. m. Ályktun prófessors Níels Dungals í krufningarskýrslu, dags. 25. marz 1953, um dánarorsök Ólafs er á þessa leið: „Banameinið virðist hafa verið heilahristingur (commotio cerebri) með subarachnoidal-blæðingum og blæðingum inni í heila, sem allt verður að teljast afleiðing af höfuðhöggi og getur hafa hlotizt af höggi á vinstri kjálka. Lungnabólga beggja vegna hefur loks gert út af við sjúklinginn, og verður hún að teljast afleiðing af áverkanum á höfuðið.“ Í greinargerð sama prófessors um smásjárrannsókn, dags. 30. apríl 1953, segir svo: „Breytingarnar á heilavefnum eru sams konar og þær, sem vanalega er að sjá eftir mikinn heilahristing. Þær eru það miklar, að telja verður sennilegt, að þær hafi valdið verulegri truflun á starfsemi heilans og verið meginorsök að dauða mannsins ásamt lungnabólgunni.“

Læknaráð hefur í álitserð, dags. 14. marz 1954, fallizt á framangreindar ályktanir prófessors Níels Dungals. Telur það, að banamein Ólafs Ottesens hafi orsakazt af höfuðáverka

og að lungnabólga, sem að lokum leiddi hann til dauða, beri að teljast fylgikvilli. Þá telur Læknaráð, að ekkert mæli gegn því, að banaþeimið hafi getað orsakað af höfuðáverkum þeim, sem Ólafur hlaut aðfaranótt 12. marz 1953 og í málinu greinir, en ekki sé unnt að meta þátt hvers og eins þeirra samkvæmt gögnum málsins. Læknaráð telur enn fremur, að skurðáverkinn undir vinstra kjálkabarði Ólafs geti ekki út af fyrir sig talizt meðvirk dánarorsök og að lega hans í fiskþvottakerinu, vera hans í bílnum Ö. 173, flutningur hans til Reykjavíkur hinn 12. marz 1953 og undanfarandi ölvunar-ástand hans geti ekki talizt samverkandi orsakir að dauða Ólafs. Loks hefur Læknaráð fallizt á ályktun dr. Helga Tómassonar um sakhæfi ákærða Arnars Semings Andersens.

Samkvæmt atvikum málsins, ályktunum prófessors Niels Dungals og álitsgerð Læknaráðs má telja sannað, að banaþeimi Ólafs Ottesens hafi verið skemmdir á heilavef ásamt blæðingum í höfði, sem orsakað hafi af áverka á höfuð hans.

Sannað er með játningu ákærða Willits, sem styðst við framburð ákærðu Arnars og Einars, að ákærði Willits sló Ólaf framangreind tvö högg og eftir það var hann fluttur meðvitundarlaus í fiskþvottakerið og lá þar í roti, unz ákærðu fluttu hann nokkru síðar í áðurnefnda bifreið. Með játningu ákærða Arnars, sem einnig styðst við framburð ákærðu Willits og Einars, er sannað, að ákærði Arnar sló Ólaf höfuðhögg við bifreiðina, er hann rumskaði lítið eitt við sér, og ákærðu skildu þar við hann rænulausan. Lýsing á ákomum á Ólafi, eftir að hann fannst, sýnir, að hann hefur hlotið fleiri áverka en raktir verða til framangreindra höfuðhögga, og verður að telja, að þeir stafi af meðferð ákærðu Willits og Arnars, enda bendir ekkert til, að þar sé öðrum til að dreifa. Hafa ákærðu Willits og Arnar því veitt Ólafi meiri ákomur en þeir hafa beinlínis játað. Þar sem Ólafur var svo hart leikinn af völdum þeirra beggja, verða þeir báðir taldir refsibýrgir vegna þess líkamstjóns, er Ólafur hlaut, svo og vegna afleiðinga þess.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að hinir ákærðu Robert Raymond Willits og Arnar Semingur Andersen skuli vera sýknir af ákæru fyrir brot á ákvæðum 211. gr. laga nr.

19/1940. Hins vegar hafa þeir með vísvitandi líkamsárás á Ólaf Ottesen brotið ákvæði 218. gr. sömu laga. Sú grein er að visu ekki nefnd í ákæruskjali, en með því að þar er greindur verknaður sá, sem greinin fjallar um, og skilyrði eru fyrir hendi samkvæmt 118. gr. laga nr. 27/1951 til þess að beita nefndri 218. gr., ber að heimfæra brot þeirra Willits og Arnars undir hana. Þar sem verknaður þessara ákærðu hafði dauða Ólafs Ottesens í för með sér og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar þeim til sakar vegna gáleysis, varðar brot þeirra einnig við 215. gr. laga nr. 19/1940, eins og ákveðið er í héraðsdómi. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um heimfærslu brots þeirra undir 1. málsgrein 220. gr. sömu laga.

Þá hefur ákærði Robert Raymond Willits gerzt sekur við þau ákvæði áfengislaga, nr. 33/1935, og laga um tollheimtu og tolleftirlit, sem í héraðsdómi greinir.

Ákærði Einar Gunnarsson hefur gerzt sekur um brot á ákvæðum 1. málsgreinar 221. gr. laga nr. 19/1940, eins og í héraðsdómi segir.

Refsing ákærða Roberts Raymonds Willits þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi 3 ár, og tekur sú refsing einnig til brots hans gegn áfengislögum og tolllögum. Gæzluvarðhaldsvist hans skal samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940 koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans, svo sem í héraðsdómi greinir. Þar sem ákærði Willits er útlendingur, sem ekki hefur hér á landi réttindi þau, sem getur í 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940, verður honum ekki dæmd réttinda-svipting samkvæmt því ákvæði.

Refsing ákærða Arnars Semings Andersens þykir vegna ungs aldurs hans með hliðsjón af ákvæði 2. töluliðar 74. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár. Gæzluvarðhaldstími hans eftir 18. marz 1953 skal koma til frádráttar refsingunni. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um réttinda-sviptingu, að því er til hans tekur.

Refsing ákærða Einars Gunnarssonar ákveðst fangelsi 3 mánuði, en refsing hans skal vera skilorðsbundin, svo sem segir í héraðsdómi.

Ákærði Robert Raymond Willits greiði skipuðum verjanda

sínum málsvarnarlaun í héraði, kr. 3.000,00, og málflutningslaun fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00.

Ákærði Arnar Semingur Andersen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 2.000,00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00.

Ákærði Einar Gunnarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 1.500,00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda í héraði, kr. 3.000,00, og málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 5.500,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að  $\frac{1}{2}$  hluta, en ákærðu Robert Raymond Willits og Arnar Semingur Andersen in solidum að  $\frac{4}{5}$  hlutum.

Það er átöluvert, að héraðsdómari eiðfesti hina ákærðu Willits og Einar.

#### Dómsorð:

Ákærði Robert Raymond Willits sæti fangelsi 3 ár. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans.

Ákærði Arnar Semingur Andersen sæti fangelsi 2 ár. Gæzluvarðhaldstími hans eftir 18. marz 1953 skal koma til frádráttar refsingu hans. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um réttindasviptingu hans.

Ákærði Einar Gunnarsson sæti fangelsi 3 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar hans, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef skil-orð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Robert Raymond Willits greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun í héraði, kr. 3.000,00, og fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00.

Ákærði Arnar Semingur Andersen greiði skipuðum verjanda sínum í héraði, Guðjóni Steingrímssyni cand.

jur., málsvarnarlaun, kr. 2.000,00, og skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Einari Ásmundssyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun, kr. 4.000,00.

Ákærði Einar Gunnarsson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun í héraði, kr. 1.500,00, og málflutningslaun fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda í héraði, Björns Sveinbjörnssonar cand. jur., kr. 3.000,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Reynis Péturssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.500,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að  $\frac{1}{5}$  hluta, en ákærðu Robert Raymond Willits og Arnar Semingur Andersen in solidum að  $\frac{4}{5}$  hlutum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Keflavíkur 18. september 1953.**

Mál þetta er höfðað af ákæruvaldinu gegn Robert R. Willits, starfsmanni á Keflavíkurflugvelli, Arnari Semingi Andersen verkamanni, Norðurbraut 33, Hafnarfirði, fyrir að hafa gerzt sekir um manndráp, en til vara manndráp af gáleysi, samkvæmt 211. gr., til vara 215. gr., og 220. gr., 1. mgr., hegningarlaga, nr. 19/1940, og einnig fyrir áfengis- og tóbakssmygl samkvæmt 2., sbr. 27. gr. áfengislaga, nr. 33/1935, og 36. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 63/1937, að því er Robert R. Willits snertir, svo og gegn Einari Gunnarssyni skrifstofumanni, Freyjugötu 15, Reykjavík, fyrir brot á 221. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940.

Er þess krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt framangreindum lagaákvæðum svo og til greiðslu málskostnaðar, og að því er ákærðu Robert R. Willits og Arnar Seming Andersen varðar til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga. Þá er og þess krafizt, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Arnar Semingur Andersen verði dæmdir til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, sbr. lög nr. 110/1951, viðbæti um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, 12. gr. 2, og til greiðslu málskostnaðar.

Hinir ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Robert R. Willits fæddur 22. marz 1921 í San Fransisco, Arnar Semingur

Andersen fæddur 12. okt. 1935 og Einar Gunnarsson fæddur 20. okt. 1932.

• Ákærðu Robert R. Willits og Arnar Semingur Andersen hafa ekki, svo að kunnugt sé, sætt áður ákæru né refsingu fyrir brot á landslögum. Ákærði Einar Gunnarsson hefur 1952 fengið áminningu fyrir dómi fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga og 6. gr. umferðarlaga og sætt 50 króna sekt sama ár fyrir brot á umferðarlögunum. Að öðru leyti hefur hann ekki gerzt brotlegur við landslög.

Málsatvik eru þau, sem hér skal greina, og koma heim við framburði ákærðu og vitna.

Fimmtudaginn 12. marz sl. kl. 12.30 var lögreglunni í Keflavík gert aðvart um, að maður nokkur væri inni í bifreiðinni Ö. 173 og virtist ósjálfbjarga, en bifreið þessi, sem er hálfkassabíll, stóð utan vegar við húsið nr. 10 við Kirkjuveg. Er lögreglumaður kom á vettvang, sá hann, að í bílnum sat maður í stýrissæti vinstra megin og hálfhallaði sér út af til hægri. Var hann allur storkinn blóði. Bílhurðirnar reyndust læstar, hin hægri með „smekk“-lås, en hin vinstri með „klinku“. Lögreglumaðurinn kallaði til mannsins og bað hann að opna hurðina, en árangurslaust, og spennti hann því upp vinstri hurð bílsins. Maður þessi var með rænu, en máttfarinn mjög, og hið eina, sem hann gat upplýst, var nafn sitt, Ólafur Ottesen, en af skjölum hans mátti ráða, að hann ætti heima að Ána-naustum í Reykjavík og væri matsveinn á m/b Heimi, KE. 77. Héraðslæknirinn var strax sóttur til mannsins, sem flutti hann á lækningastofu sína, þar eð sauma þurfti saman skurð undir höku hans vinstra megin. Læknirinn fyrirskipaði síðan, að Ólafur skyldi fluttur á sjúkrahús, og annaðist þann flutning útgerðarmaður Ólafs, sem flutti hann á sjúkrahús Hvítabandsins. Þar dvaldist Ólafur 2 daga, en 15. marz var hann fluttur í Landspítalann, þar sem hann andaðist 24. marz sl.

Samkvæmt vottorði héraðslæknis hafði Ólafur ca. 6—7 sm langan, djúpan skurð neðan við vinstra kjálkabarð, en stórar slagæðar heilar, skurðurinn sennilega eftir eggverkfæri. Hafði maðurinn sjáanlega misst mikið blóð, var alblóðugur í andliti, skyrt alblóðug og jakki mikið blóðugur, auk þess nasaholur fullar af storknuðu blóði. Hægri ökli stokkbólginn og mjög aumur og mikil eymsli undir hægri hné, marinn á báðum upphandleggjum og á baki hægri megin og á kviði. Á hægri auga glóðarauga. Á háhnakka var stór kúla (ekki opin) og bólga. Maðurinn var rænulítill. Læknirinn hreinsaði og saumaði saman skurðinn og gerði að öðru leyti að meiðslum mannsins.

Samkvæmt vottorði Snorra Hallgrímssonar, yfirlæknis á Landspítalanum, 17. marz hafði Ólafur rænu, er hann kom á sjúkrahús Hvítabandsins á fimmtudag og var sémilega hress á laugardag og fram á sunnudagsmorgun, en nokkuð ruglaður og mundi ekkert, hvað skeð hafði í sambandi við áverka þá, er hann hafði hlotið.

Fyrir hádegi á sunnudag versnaði ástand sjúklingsins skyndilega, og varð hann meðvitundarlaus. Þar eð lækna Hvitabandsins álitu, að um blæðingu inn á heilabúið gæti verið að ræða, var sjúklingurinn fluttur á Landspítalann. Við komu sína þangað var Ólafur djúpt meðvitundarlaus. Á höfði, utan við hægri auga, var tveggja krónu stór marblettur, á hægri ökla allmikið mar, sem náði allt í kringum öklann niður á hæl og upp á miðjan legg. Á neðanverðu vinstra kjálkabarði var 5 sm langur saumaður skurður. Hauskúpan var opnuð hægri megin, og er farið var í gegnum yztu heilahimnuna hægri megin, rann út þó nokkuð af blóði blönduðu mænuvökva, og smáblæðingar sáust á við og dreif í yfirborði heilans undir yztu heilahimnunni. Sjúklingurinn hresstist mjög við aðgerðina, en var áfram mjög ruglaður. Um batahorfur gat yfirlæknirinn þá ekkert sagt.

Í réttarkrufningarskýrslu Niels Dungals prófessors 25. marz segir, að eftir aðgerðina hafi líðan sjúklingsins batnað lítils háttar. En 23. marz breyttist ástand hans aftur til hins verra, og 24. marz varð hann algerlega meðvitundarlaus, og andaðist hann, eins og fyrr segir, 24. marz.

Við líkskoðun sáust á líkinu hér og þar smámarblettir, gómstórir og allt upp í barnslófastórir, einkum á hægri handlegg. Allstór blæðing var á framanverðum legg frá miðju og niður á rist á hægri fæti. Á neðanverðu vinstra kjálkabarði var 5 sm langt ör með dálítið ójöfnum börðum, en það var næstum gróið. Ekki fundust brot á beinum, hvorki á útlimum né á brjósti.

Eftir krufninguna er ályktun prófessorsins sú, að banameinið hafi verið heilahristingur, sem verði að teljast afleiðing af höfuðhöggi og geti hafa hlotizt af höggi á vinstri kjálka. Lungnabólga beggja megin hafi loks gert út af við sjúklinginn, og verði hún að teljast afleiðing af áverkanum á höfði.

Við smásjárrannsókn á heila Ólafs Ottesens, er síðar fór fram, fundust miklar breytingar á heilavefnum, sams konar og þær, er vanalegt er að sjá eftir mikinn heilahristing. Voru þær svo miklar, að sennilegt verði að teljast, að þær hafi valdið verulegum truflunum á starfsemi heilans og verið *meginorsök* að dauða mannsins ásamt lungnabólgunni.

Eftir að lögreglan hafði komið Ólafi af höndum sér til Reykjavíkur, hóf hún þegar rannsókn í málinu. Við eftirgrennslun í nágrannahúsunum í kringum Kirkjuveg 10 komust lögreglumennirnir að þeirri niðurstöðu, að helzt væri að leita upplýsinga í húsinu nr. 9 A við Kirkjuveg, en þar, fréttu þeir, að hefði verið ölvunar-samkunda kvöldið áður, en hús þetta stendur 20—30 metra frá bílnum Ö. 173, er Ólafur fannst í. Er þangað kom, reyndist hús-ráðandinn, Jóhanna Kristjánsdóttir, ofurölvi og ekki viðmælanleg. Svavar Sigfinnsson bílstjóri gaf lögreglumönnum þær upplýsingar kl. 19—20, að hann hefði kvöldið áður ekið Bandaríkjamanni og

Íslendingi frá Kirkjuvegi 9 A og upp á Keflavíkurflugvöll. Er hann kom til baka, hefði hann komið inn í húsið Kirkjuveg 9 A og þá séð þar fyrir í eldhúsinu húsráðandann, Jóhönnu, og mann, sem hann kannaðist við og hétí Ólafur. Lögreglan ákvað þegar að gera leit í húsinu og fann þá í herbergi því, er Bandaríkjamaður leigði hjá Jóhönnu, 3 teppi með blóðslettum í. Jóhanna, sem þá var ekki eins ölvuð og fyrr um daginn, sagði lögreglunni, að Ólafur Ottesen, maður að nafni Arnar og Bandaríkjamaður, sem kallaður var „Bob“, hefðu verið þar nóttina áður. Upplýsingar þessar leiddu til handtöku allra hinna ákærðu.

Um athafnir hinna ákærðu er þetta að segja:

Ákærðu Arnar Semingur og Einar höfðu haft á leigu herbergi að Kirkjuvegi 9 A frá 14. jan. til 14. febr. sl., en þá leigði húsráðandinn, Jóhanna Kristjánsdóttir, herbergið Bandaríkjamanni, ákærða Robert R. Willits. Arnar og Einar, sem báðir unnu á flugvöllinum, fluttust þangað. Miðvikudaginn 11. marz fór Einar ofan af flugvelli með strætisvagni kl. 18.00, en hann ætlaði til Reykjavíkur með sérleyfisbifreið Steindórs kl. 19.15. Þar eð hann þurfti að bíða í Keflavík, fór hann til Jóhönnu Kristjánsdóttur og ákvað að bíða þar. Er hann kom þangað, sá hann, að Jóhanna var ölvuð. Er hann hafði verið þar stutta stund, kom þar Bandaríkjamaður, ákærði Robert R. Willits, og var hann drukkinn. Var þetta í fyrsta skipti, sem Willits kom í herbergi sitt, er hann hafði leigt frá 14. febrúar. Kl. um 19.00 fór Einar hurt, en áður en hann fór, bað Jóhanna hann að koma við hjá sér, er hann kæmi aftur úr Reykjavík, því að hún væri „nervös“ að vera ein, úr því að Bandaríkjamaðurinn væri kominn í herbergið. Einar, sem ætlaði sér að koma aftur suður með síðasta bíl frá Reykjavík, lofaði þessu. Einar hafði ekki neytt áfengis, er hann kom, og neytti þess ekki þar, þótt Willits, sem hann þekkti ekki, byði honum það. Klukkan um 20.00 kom Arnar ofan af flugvelli til Jóhönnu að Kirkjuvegi 9 A, og voru þar þá fyrir Jóhanna og Willits. Var Willits áberandi ölvaður, en Jóhanna minna. Arnar fór að boði Willits inn í herbergi hans og settist þar að drykkju með honum. Um kl. 21.00 bættist Ólafur Ottesen í hópinn, en hann var kunnugur Jóhönnu áður og góðkunningi manns hennar sáluga. Hann var mjög drukkinn og hafði með sér nær fulla flösku af brennivíni. Drakk Ólafur kaffi hjá Jóhönnu í eldhúsinu, en Willits og Arnar sátu í herbergi hins fyrrnefnda. Kl. 21.15 fóru þeir Willits og Arnar í bifreiðinni Ö. 750 upp á flugvöll að Hotel de Gink, þar sem Willits hafði herbergi, til að sækja farangur Willits. Var það m. a. teppi, málningardósir, 1—2 „karton“ af vindlingum og 1 viskíflaska, og bar Willits farangur þennan út í bílinn. Arnar hafði ætlað sér að sækja farangur sinn um leið, því að honum hafði verið sagt upp vinnunni á flugvöllinum, en hætti við það, þar eð hann taldi hæpið, að Willits kæmist út um hliðið með þennan varning sinn, sem sumpart var smygilvara. Ekki var leitað í bílnum í varðhliðinu, enda

svaraði Willits neitandi þeirri spurningu varðmannsins, hvort hann væri með áfengi meðferðis. Um kl. 22.30 komu þeir aftur að Kirkjuvegi 9 A, og fór bílstjórinn, Svavar Sigfinnsson, með þeim inn. Jóhanna og Ólafur voru þar fyrir í eldhúsinu, en ekki sá Svavar mikið vín á þeim, en sá glös á eldhúsborðinu og þóttist vita, að þau hefðu verið að drekka áfengi. Eftir beiðni Arnars beið bílstjórinn, því að Arnar kvaðst vilja ná í farangurstösku sína, sem geymd væri í bragga á flugvælinum. Arnar hafði ekki peninga til að greiða bílinn og fékk því kr. 150,00 lánaðar hjá Ólafi Ottesen, en áður hafði Ólafur boðizt til að greiða bílstjóranum 100 kr., sem Willits vantaði til að greiða bílstjóranum ökugjaldið og skuld frá því fyrr um daginn, en bílstjórinn þáði það ekki. Arnar ók síðan á flugvöllinn og sótti farangur sinn og ók síðan til baka að Kirkjuvegi 9 A. Var síðan sett að drykkju þar til um kl. 23.30, að Ólafur fór og mun hafa skilið eftir yfirfrakka sinn, en Willits, Arnar og húsráðandi héldu áfram drykkjunni. Um kl. 24.00 kom Ólafur á heimili fyrrv. skipstjóra síns að Hafnargötu 50, og var kona hans þá ein heima. Ólafur var þá með brennivínsflösku vel hálfa og drakk þar úr henni, en hann var mjög drukkinn, þegar hann kom þangað. Um kl. 3.00 um nóttina fór Ólafur frá Hafnargötu 50, en ekki sagði hann húsmóðurinni, hvert hann ætlaði, né heldur hafði hann sagt henni, hvar hann hefði verið fyrr um kvöldið. Ólafur var mjög drukkinn, þegar hann fór, og slagaði mikið, er hann gekk niður götuna frá húsinu.

Víkur nú sögunni aftur að Kirkjuvegi 9 A. Um 3 stundarfjórðungum eftir að Ólafur fór, kom þangað ákærði Einar Gunnarsson, en hann hafði komið með síðasta áætlunarbíl frá Reykjavík, sem lagði þaðan af stað kl. 23.30. Hann var ódrukkinn og hafði ekki neytt vins um kvöldið. Hann sá strax, að Willits, Arnar og Jóhanna voru öll ölvuð, en karlarnir þó meira en hún. Einari var strax boðið í herbergi Willits og hellt viski í glas fyrir hann, en ekki virðist hann hafa neytt mikils af því, eftir því sem fram hefur komið í málinu.

Allt virðist hafa farið fram í mesta bróðerni þarna um kvöldið, bæði áður og eftir að Einar kom í seinna skiptið, nema hvað Arnar virðist hafa í eitt skipti, eftir að Einar kom, skipt skapi og orðið æstur, er Arnar bað hann að skipta um sæti við sig, og hafi Arnar þá tekið upp „dolk“, er hann hafði í slíðrum við belti sitt, og kastað honum á oddinn í gólfíð við stól Einars.

Klukkan um 3.00 er friðurinn rofinn með því, að barið er að útidyrum. Allir hinir ákærðu bera það, að Jóhanna hafi þá verið vakandi og fylgt með öllu, sem skeði þar á eftir við húsdyrnar, og vitað um hið annað, er síðar skeði. Jóhanna hefur neitað þessu eindregið og kveðst aldrei hafa vitað til þess, að barið hafi verið að dyrum hjá sér um þetta leyti, því að hún hafi þá verið sofnuð. Jóhanna veiktist snögglega af krabbameini, á meðan á rannsókn málsins stóð, og var lögð á sjúkrahús, þar sem hún andaðist 17. júlí sl.

Er barið var að dyrum, eins og fyrr segir, fóru allir hinir ákærðu til dyra, og var þar kominn Ólafur Ottesen og vildi komast inn. Ákærðu segja, að húsráðandi hafi ekki viljað hann inn. Ólafur mun eitthvað hafa tautað um það, að þeir væru allir að „brúka kerlinguna“. Þetta þýddi Arnar á ensku fyrir Willits með þessum orðum: „This man is asking the woman, if the Icелander and the American are „fokking“ the woman.“ Willits stóð í dyrunum milli Arnars og Einars, en Ólafur úti fyrir á stéttinni fast við dyrnar. Willits kveðst hafa reiðzt ummælum þessum og gekk fram og sló Ólaf högg á hökuna, svo að hann hrökklaðist aftur á bak og féll á jörðina. Ólafur reisti sig fljótlega upp á olnboga, og gengu þeir þá út til hans, Willits og Arnar, en Einar, sem var á sokkaleistunum, gekk inn í eldhúsið, en þar, segir hann, að Jóhanna hafi sagt sér, að maður þessi hétí Ólafur og hefði verið þar fyrr um kvöldið, en Einar sá hann í fyrsta sinn nú. Einar hefur borið það, að hann hafi séð Arnar og Willits reisa Ólaf á fætur, eftir að hann hafi reist sig á olnboga sjálfur, og gengið með hann á milli sín í burtu. Arnar hefur borið það sama og sagt, að er kom út að eða út fyrir hliðið, hafi Willits slegið Ólaf aftur höfuðhögg, og hafi Ólafur þá fallið í rot. Willits segir hins vegar, að Ólafur hafi strax eftir fyrsta höggið risið á fætur og gert sig líklegan til að berja Willits, sem þá strax hafi slegið hann í rot með höfuðhöggi. Telja verður sannað, að hið síðara höggið hafi verið greitt Ólafi við hliðið, og verður það að mestu að byggjast á framburði Einars, sem frá upphafi er glöggur og skýr, enda ekki upplýst annað en hann hafi verið allsgáður, er þetta fór fram. Eftir að Ólafur féll í rot við annað höggið, fluttu þeir Arnar og Willits hann og settu hann í gamalt fiskþvottaker, sem stóð þar skammt frá, og skildu hann þar eftir. Að þessu loknu fóru þeir inn í húsið aftur. Einar heyrði á tali þeirra stuttu síðar, að manningnum mundi sennilega verða kalt þarna, og innti hann þá eftir því við þá, hvar maðurinn væri. Willits sagði honum, að þeir hefðu skilið hann eftir í kassa, sem væri í tröð þar rétt hjá húsinu. Einar gekkst fyrir því, að þeir félagar færu út að hlúa að manningnum, enda var kalsaveður úti og rigning, og tók hann með sér ullarteppi, er hann átti geymt hjá Jóhönnu, og fór með það út og þeir Arnar og Willits með honum. Er þeir komu að kerinu, lá Ólafur þar og var þer niður að beltisstað, og hraut hann, eins og hann væri í djúpum svefni, og segist Einar hafa haldið, að hann væri vindaður. Þeir rumskuðu við honum, og virtist hann þá vakna og tautaði eitthvað um, hvaða læti þetta væru. Ekki hefur fengizt upplýst, hvort nokkrir áverkar sáust á honum þá, enda myrkur. Einar reisti Ólaf við og breiddi yfir hann teppið og jakka hans þar yfir. Bifreiðin Ö. 173 stóð þar skammt frá, og ákváðu þeir félagar að flytja hann inn í bílinn, því að þar mundi fara betur um hann, en ekki er vitað, hver átti uppástunguna að því. Vegna þess, hve Arnar og Willits voru drukknir, tók Einar, sem var ódrukkinn, Ólaf á herðar sér og þar

hann að bílnum. Hægri hurð bílsins var lokuð með „smekk“-lås, og var hún aflæst, en hin vinstri var lokuð með „klinku“, sem fest var í hurðarstafinn, og 5 tommu nagla rennt gegnum „klinkuna“ og í gat, sem borað var í hurðina, og virðist sú hurð, sem er stýris megin, hafa verið opin. Einar setti Ólaf niður í dyragætt vinstra megin, og var Ólafur þá með nokkurri rænu, því að hann leitaðist við að streitast á móti, þegar þeir félagar reyndu að koma honum alveg upp í bílinn. Það var þá, að Arnar hafði á orði, að bezt væri að svæfa manninn, og kom á hann höggi á vinstri kjálka, og dasaðist Ólafur svo við það, að þeim reyndist auðvelt að koma honum upp í bílinn eftir það. Þeir félagar voru nokkuð lengi að bisa við Ólaf þarna við bílinn, og var Arnar allan tímann mjög æstur og vildi fá að koma á hann höggi, en Einar og Willits vörnuðu honum þess, þar til Einar vék sér frá og Willits var að bisa við Ólaf, að hann sá sér færi að slá hann. Einar sá ekki, er Arnar sló Ólaf, og varð ekki var við það. En Willits vissi, að Arnar sló hann, en sá ekki sjálft höggið, og getur því hvorugur þeirra borið um, hvort Arnar hafi haft „dolkinn“ í hendi sér, er hann sló Ólaf. Þeir félagar verða fyrst varir við blóð úr Ólafi við bílinn, en ekki gerðu þeir sér grein fyrir, hvaðan það blóð kom. En þeir urðu allir blóðugir við að fást við Ólaf þarna við bílinn.

Arnar hefur eindregið neitað því að hafa notað „dolkinn“, er hann sló Ólaf, a. m. k. kveðst hann ekki muna til þess, en hann hafi verið mjög æstur þarna við bílinn. Verður það atriði því að teljast ósannað, þótt líkur bendi til, að Arnar hafi verið sá, sem stakk Ólaf, um leið og hann sló hann, því að hann var hinn eini þeirra félaga, sem bitvopn hafði á sér.

Eftir að hafa komið Ólafi upp í bílsætið og breitt yfir hann ullar-teppi, lokuðu þeir félagar bílhurðinni og fóru heim að Kirkjuvegi 9 A og skildu Ólaf eftir meðvitundarlausan í bílnum. Er heim kom, þvoðu þeir af sér blóðið, og eftir að hafa talað saman nokkra stund, gengu þeir til svefns um kl. 4.30, Willits í rúmi sínu, en Arnar og Einar hvor í sínum stól. Kl. 7.30 vaknaði Einar og fór til vinnu sinnar á flugvælinum. Er hann gekk fram hjá bílnum, sem stóð skammt frá veginum, leit hann að honum án þess að ganga alveg að honum og sá þá Ólaf ekki og segist hafa haldið, að hann væri farinn þaðan. En ekki gekk hann úr skugga um það. Willits fór að heiman um kl. 10.30 morguninn eftir, en ekki forvitnaðist hann um, hvort Ólafur væri í bílnum, er hann gekk niður götuna. Arnar fór síðastur frá Kirkjuvegi 9 A morguninn eftir, milli kl. 11 og 12. Gekk hann þá að bílnum og sá, að Ólafur lá hreyfingarlaus í framsæti bílsins, en ekki skipti Arnar sér af því og hélt leiðar sinnar án þess að gera nokkrar ráðstafanir til þess að koma manninum til hjálpar.

Eitthvert samkomulag mun hafa verið á milli ákærðu að segjast ekkert vita, ef þeir yrðu spurðir, en framburðir þar að lútandi eru á reiki og lítt á þeim byggjandi, enda könnuðust þeir í höfuðatriðum

við skipti sín við Ólaf þegar í fyrstu dómsrannsókn, þótt framburðir þeirra Arnars og Willits væru í fyrstu mjög á reiki.

Arnar var sendur geðlækni til rannsóknar, sem hafði hann hjá sér í 38 daga. Ályktun geðlæknis var, að Arnar væri ekki geðveikur, en vitgrannur og skapgerð hans ekki fullhörðnuð.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið við rannsókn málsins og réttarkrufningu, má telja sannað, að ákærðu Robert R. Willits og Arnar Semingur Andersen hafi orðið Ólafi Ottesen að bana með höggum þeim, er þeir greiddu honum aðfaranótt 12. marz sl. fyrir utan húsið nr. 9 A við Kirkjuveg í Keflavík og við bifreiðina Ö. 173, er stóð þar skammt frá. Þar eð ekkert hefur komið fram við rannsóknina eða réttarkrufninguna, er sanni, að neitt ákveðið högg af þeim þremur, er Ólafur hlaut, hafi sérstaklega orðið honum að fjör-tjóni, verður því að álykta, að öll þrjú höfuðhöggin hafi verið samvaldandi að bana hans og hér sé um samfelldan verknað að ræða.

Hins vegar verður ekki talið, að það hafi verið ásetningur ákærðu Willits og Arnars að bana Ólafi með höggum þessum, en hins vegar er ekki heldur hægt að líta svo á, að högginn hafi verið neyðarvörn eða sjálfsvörn, enda báðir ákærðu ungir menn og röskir, en Ólafur við aldur, 61 árs, er hann lézt.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að dauði Ólafs Ottesens hafi hlotizt af gáleysisverknaði ákærðu Roberts R. Willits og Arnars Semings Andersens, og beri því að heimfæra þetta brot þeirra undir 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940. Þá hafa og hinir sömu gerzt brotlegir gegn 220. gr., 1. mgr., sömu laga með því að hafa yfirgefið Ólaf Ottesen í bílnum um hánótt, eftir að hafa komið honum í það ástand, að hann gat enga björg sér veitt.

Þá hefur og Robert R. Willits gerzt brotlegur gegn 2. mgr. 27. gr. áfengislaga, nr. 33/1935, og 36. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 63/1937, með því að fara út af flugvelli í óleyfi með 1 flösku af viski og 1—2 „karton“ af vindlingum.

Með tilliti til ófyrirleitinnar framkomu þeirra Roberts R. Willits og Arnars Semings Andersens við Ólaf Ottesen, sem var við aldur, og skeytingarleysis þeirra, eftir að verknaðurinn var framinn, þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár, en til frádráttar refsingunni komi fullur gæzluvarðhaldstími þeirra Roberts R. Willits og Arnars Semings Andersens, en Willits sat í gæzluvarðhaldi frá 13.—19. marz og aftur frá 25. marz til 15. maí, en Arnar frá 13.—19. marz og aftur frá 25. marz til 22. maí, en af þeim tíma var hann til athugunar hjá geðlækni frá 14. apríl til 22. maí, sem telja verður með gæzluvarðhaldstímanum. Auk þess greiði Robert R. Willits 300 króna sekt til ríkissjóðs fyrir áfengis- og tóbakssmygl. Þá skulu þeir og sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ákærði Einar Gunnarsson hefur að álit dómarans gerzt brotlegur

við 221. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, með því að skilja Ólaf eftir bjargarlausan í bifreiðinni og hirða ekki um að ganga úr skugga um, hvort hann væri enn í bifreiðinni, er hann gekk fram hjá morguninn eftir. Með tilliti til þrúðmannlegrar framkomu ákærða undir rannsókn málsins og sannleiksgildis framburðar hans frá því fyrsta, sem og með tilliti til þess, að leggja ber mat hans sjálfs á ástandi Ólafs til grundvallar hegðunar hans, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, haldin.

Ólafur heitinn átti tvo óskilgetna syni, Björn og Gunnar Þorgeir, og leitaði dómarrinn eftir því, hvort þeir mundu gera skaðabóta-kröfur í málinu, og óskaði eftir því við hlutaðeigandi yfirvöld, að væntanlegar bótakröfur yrðu rökstuddar. Krafa um bætur, að upphæð kr. 15.000,00, kom frá Gunnari Þorgeiri, en engin krafa hefur komið frá Birni. Kröfu sína rökstyður Gunnar Þorgeir með því, að hann hafi erfðarétt eftir föður sinn, sem hafi verið fullvinnufær, er hann andaðist, og hefði orðið það næstu árin.

Nú mun Ólafur heitinn hafa verið nær eignalaus, er hann andaðist, og að sjálfsögðu er ómögulegt að segja um, hve lengi svo roskinn maður hefði orðið vinnufær, hefði hann lifað. Dómarrinn lítur enn fremur svo á, að svipting arfsvonar skapi ekki skaðabótarétt, a. m. k. ekki í þessu tilfelli, og þykir því rétt að vísa bótakröfu þessari frá dómi.

Hina ákærðu ber að dæma til þess að greiða skipuðum verjendum sínum, sem jafnframt voru réttargæzlumenn þeirra undir rannsókn málsins, málsvarnarlaun sem hér segir: ákærði Robert R. Willits Sigurði Ólasyni hrl. kr. 2.000,00, ákærði Arnar Semingur Andersen Guðjóni Steingrímssyni cand. jur. kr. 2.000,00 og ákærði Einar Gunnarsson Ragnari Jónssyni hrl. kr. 1.500,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Björns Sveinbjörnssonar cand. jur., kr. 3.000,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að  $\frac{1}{4}$  hluta, en ákærðu Robert R. Willits og Arnar Semingur Andersen að  $\frac{3}{4}$  hlutum in solidum.

Ákærðu greiði hver kostnað við gæzluvarðhald sitt.

#### Dómsorð:

Ákærðu Robert Raymond Willits og Arnar Semingur Andersen sæti fangelsi í 3 ár. Auk þess greiði Robert Raymond Willits kr. 300,00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Gæzluvarðhald ákærðu Roberts Raymonds Willits og Arnars Semings Andersens komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu þeirra, svo sem segir í forsendum dómsins.

Báðir eru frá birtingu dóms þessa að telja sviptir kosningar-

rétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Einar Gunnarsson sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingar hans skal fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, haldin.

Fram kominni skaðabótakröfu vísast frá dómi.

Ákærði Robert Raymond Willits greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 2.000,00.

Ákærði Arnar Semingur Andersen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar cand. jur., kr. 2.000,00.

Ákærði Einar Gunnarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1.500,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Björns Sveinbjörnssonar cand. jur., kr. 3.000,00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að  $\frac{1}{4}$  hluta, en ákærðu Robert Raymond Willits og Arnar Semingur Andersen in solidum að  $\frac{3}{4}$  hlutum.

Ákærðu greiði hver kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. apríl 1954.

Nr. 37/1952. **Skipaútgærd ríkisins** (Ingólfur Jónsson hdl.)  
 gegn  
**Olúfélaginu h/f** (Vilhjálmur Jónsson hdl.)  
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Farmflutningur. Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1952, krefst sýknu og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. marz 1952. Gerir hann þessar dómkröfur: